

Lög

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „tveggja“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fimm.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómara skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir í afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.

3. gr.

Á eftir 43. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er hljóða svo:

- a. (44. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. skal tala héraðsdómara frá 1. mars 2011 vera 48, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.
- b. (45. gr.)
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. mars 2011 vera 12, en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn.

Samþykkt á Alþingi 3. febrúar 2011.